

Fundur - 15.mars 2004

Endurrit fundargerðar umhverfis- og náttúruverndarnefndar Reykhólahrepps 15.mars 2004

Ár 2004 þann 15.mars kom umhverfis- og náttúruverndarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Sérstakir gestir fundarins voru Arnheiður Hjörleifsdóttir starfsmaður Staðardagskrár 21, Guðjón D. Gunnarsson Reykhólum og Málfríður Vilbergsdóttir oddviti. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð. Fundurinn hófst kl. 13:15

Arnheiður tók til máls og ræddi um Ríóráðstefnuna og hugmyndafræðina, Staðardagskrá 21 á Íslandi, Ólafsvíkuryfirlýsinguna og Staðardagskrá 21 fyrir Reykhólahrepp. Arnheiður starfar í Borgarnesi ásamt tveimur öðrum starfsmönnum.

Samkvæmt samþykkt heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992, ber öllum sveitarstjórnnum að koma sér upp Staðardagskrá 21 í samráði við íbúana á hverjum stað.

Staðardagskrá 21 er forskrift að sjálfbærri þróun einstakra samfélaga á 21. öldinni. Sjálfbær þróun er þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Staðardagskrá 21 er þó miklu frekar velferðaráætlun en umhverfisáætlun en félagslegi þátturinn er oft vanmetinn á Íslandi.

Staðardagskrárvinnan hófst á Íslandi árið 1997.

Fyrir liggur stefnumörkun stjórnvalda til ársins 2020 og nefnist hún "velferð til framtíðar."

Hvað fjármögnun varðar þá leggja Iðnaðar- og Umhverfissráðuneytið til starfsmann til ársloka 2005. Unnið er að jafnaði með 10 sveitarfélögum á hverjum tíma. Kostnaður sveitarfélaga er í formi vinnu við gagnaöflun, fundi og samskipti við ritstjóra verkefnisins. Einnig fjármagn við að framfylgja einstökum verkefnum Staðardagskrár 21. Sá kostnaður hefði þó sennilega fallið til hvort sem er.

Arnheiður kynnti enn fremur Ólafsvíkuryfirlýsinguna frá október 2000. Um er að ræða yfirlýsingu um framlag íslenskra sveitarfélaga til sjálfbærrar þróunar.

Arnheiður kynnti síðan Staðardagskrá 21 fyrir Reykhólahrepp eins og hún sér fyrir sér að hún gæti orðið. Velja þarf 10-12 málaflokka. Setja þarf ákveðin tímamörk sem henta hlutaðeigandi sveitarfélagi. Arnheiður verður á launum við að sinna fámönnum sveitarfélögum á þessu sviði til ársloka 2005.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 15:30

Bjarki Stefán Jónsson (sign)
Guðjón D. Gunnarsson (sign)
Málfríður Vilbergsdóttir (sign)
Arnheiður Hjörleifsd. (sign)
Ása B. Stefánsdóttir (sign)
Einar Örn Thorlacius (sign)
Tómas Sigurgeirsson (sign)